

Ed.

524. Tillaga

til þingsályktunar um rannsókn á skilyrðum fyrir yfirbygða sundlaug í Reykjavík.

Frá mentamálanefnd.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að láta rannsaka fyrir næsta þing skilyrði fyrir, að reist verði yfirbygð sundlaug í bænum eða við bæinn, með heitu vatni úr Laugunum og sjóvatni.

Greinargerð.

Stjórn Í. S. Í. hefir skrifað mentamálanefnd um málið, og nefndin er sam-
mála um, að sundlaug eins og hjer er farið fram á sje nauðsynlegur liður í
uppeldi og menningarlífi þjóðarinnar. Það er og alkunna, að böð og sund efla
flestu fremur hreysti og heilbrigði manna.

Nánar í framsögu.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 7. apríl 1924.

Til mentamálanefndar efri deildar Alþingis,

Reykjavík.

Vjer leyfum oss hjermeð að snúa oss til hinnar háttvirtu mentamálanefndar með þeirri ósk, að hún taki upp á ný mál um stofnun sjóðs til að koma upp sundhöll hjer í bænum.

Vjer teljum óþarft að skrifa langt mál um nauðsyn og gagnsemi sundíþróttarinnar, sjerstaklega fyrir oss Íslendinga, enda er það alviðurkent. Aðeins viljum vjer taka það fram, að vjer teljum, að *sund ætti að vera skyldunámsgrein við hvern skóla*, og að hjer í Reykjavík þyrftu að vera betri tæki til sundkenslu en nú eru. Teljum vjer því mjög nauðsynlegt, að komið verði hjer upp yfirbygðri sundlaug, sem kenna mætti í alt árið.

Í þessu skyni leyfum vjer oss að skora á mentamálanefnd efri deildar að gangast fyrir:

1. Að rikissjóður leggi til ókeypis hæfilega stóra lóð á Arnarhólstúni, sem reisa mætti á sundhöll.
2. Að stofnaður verði sundhallarsjóður, með framlögum úr rikissjóði, minst 2000 krónur á ári, gegn jafnmiklu fje úr bæjarsjóði Reykjavíkur.
3. Að þess verði æskt, að bæjarstjórn Reykjavíkur leyfi að nota heitt vatn úr þvottalaugunum í hina fyrirhuguðu sundlaug.

Ef þessi sjóðsstofnun gæti komist á, teljum vjer heppilegast, að sjóðnum yrði ráðstafað af þriggja manna nefnd, sem skipuð væri af rikisstjórninni, bæjarstjórninni og Íþróttasambandi Íslands.

Það kann nú að virðast, að þetta mál sje fyrst og fremst bæjarmál Reykjavíkur, en svo er þó ekki, þótt bæjarbúar eigi kost á að nema sund á sumrum í sundlaugunum. En öllum þeim mikla fjölda utanbæjarmanna, sem hjer eru við nám og annað háveturinn, er nálega ókleift að læra hjer sund á þeim tíma, vegna veðráttu og fjarlægðar sundlauganna. En það væri ekki lítils um vert, að allur þessi fjöldi utanbæjarmanna gæti lært hjer sund ásamt öðru námi og aukid áhuga fyrir því úti um alt land. Því teljum vjer þetta mál fyrst og fremst varða alla þjóðina, og höfum vjer því leyft oss að bera málið fyrst upp við hið háa Alþingi.

Það, sem að voru álitu mælir mest með því, að sundhöllin ætti að standa á Arnarhólstúni (nyrst), er bæði það, að þaðan er skamt til sjávar, — en sjó er sjálfsagt að nota til að kæla með heita vatnið úr þvottalaugunum; — og einnig það, að þá yrði sundhöllin í miðjum bænum, svo allir bæjarbúar ættu jafnlangt að sækja þangað.

Það er kunnugt, að volg sjóböð eru talin af læknum að vera einhver besta heilsubót hverjum manni; — og má fastlega gera ráð fyrir því, að baðferðir muni stórum aukast, ef yfirbygð sundlaug væri til hjer í bænum, sem hægt væri að

nota alt árið um kring, hvernig sem viðrar. Eitt af því, sem mest hefir hamlað aukinni sundkunnáttu hjer, er einmitt það, hve snudlaugin er langt frá bænum. Börn og unglingar geta ekki notið lauganna sem skyldi á vetrum, og fara því á mis við nytsemi baðferðanna. Þá má og geta þess, að flest hús í Reykjavík eru byggð án baðtækja.

Af framanrituðu er það auðsætt, að af auknum baðferðum mundi heilsufar fólks batna stórum, til gagns og nytsemdar einstaklingum og þjóðfélaginu í heild sinni.

Verði góðar undirtektir undir þetta mál, munum vjer einnig snúa oss til bæjarstjórnar Reykjavíkur, og vjer viljum bæta því við, að *ípróttamenn hjer í bæ munu vilja mikið á sig leggja* til þess að koma þessu nauðsynjamáli í framkvæmd.

Vjer treystum því fastlega, að háttvirt mentamálanefnd taki þessu máll með fullum skilningi á nauðsyn þess og komi því á framfæri. Og þó að segja megí, að nú ári ekki vænlega fyrir slík mál, sem hafa nokkurn kostnað í för með sjer, þá er þess að gæta, að því fyr sem byrjað er, þótt í smáum stíl sje, því skemra á það í laud og því auðveldari verða allar framkvæmdir.

Frekari upplýsingar um þetta áhugamál vort erum vjer ávalt reiðuhúnir að gefa yður.

Með vinsemd og virðingu.

Í stjórn Ípróttasambands Íslands.

A. Tulinius,
forseti.

Ben. G. Waage.

Halldór Hansen.

G. Kr. Guðmundsson. Pjetur Sigurðsson.